

Við sem fjölskylda og aðstandendur Hannesar Þórs Helgasonar heitins, og sem almennir þegar í íslensku samfélagi munum aldrei geta sætt okkur við vinnubrögð Héraðsdóms Reykjaness í morgun, þar sem upp var kveðinn dómur yfir kaldrifjuðum morðingja , Gunnari Rúnari Sigurbórssyni sem stakk Hannes Þór 20 sinnum til bana þar sem hann lá í rúmi sínu sofandi aðfaranótt þann 15. ágúst 2010.

Það eru algjörlega óásættanleg skilaboð til samfélagsins að líf Hannesar skuli vera metið einskis virði þar sem kaldrifjaður morðingi kemst upp með þann glæp að skipuleggja morðið á Hannesi í hartnær ár og myrðir hann á jafnhrottafenginn hátt og hann gerði þar sem Hannes liggur sofandi, varnarlaus í rúmi sínu! Að Gunnar Rúnar skuli vera sýknaður af þessum glæp er í alla staði óásættanleg niðurstaða fyrir fjölskyldu og aðstandendur Hannesar. Það að það skuli vera hægt að meta kaldrifjaðan morðingja ósakhæfan eftir eingöngu 12 klukkutíma viðtal við svo skipulagðan morðingja er okkur að öllu leyti óskiljanlegt!

Það er að okkar mati óásættanlegt fyrir íslenskt samfélag að þessi kaldrifjaði morðingi geti verið kominn aftur á götuna eftir örfáa mánuði, ef ekki vikur, vegna mikilla galla í íslensku réttarfarskerfi, þar sem hann getur þess vegna sótt um lausn strax í næstu viku! Í 62. gr almennra hegningarlaga segir: „Skal þá hæstiréttur skipa honum tilsjónarmann, sem eftirlit hefur með því, að dvöl hans á hælina verði ekki lengri en nauðsyn ber til” og „Þegar ástæða þykir til, getur dómsmálaráðherra leitað úrlausnar héraðsdóms, þar sem hælið er, hvort tédar ráðstafanir skuli teljast lengur nauðsynlegar, enda hafi umsagnar læknis verið leitað. Svo getur og tilsjónarmaður krafist þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, eða fyrr, ef dómsmálaráðherra samþykkir, að málið skuli að nýju lagt undir úrskurð dómstóls þess, sem áður segir.”

Einnig langar okkur að bæta við texta þessum sem tekin er upp úr ritinu „The Criminal Responsibility of People with multiple personality disorder” sem geðlæknarnir notfærðu sér við geðrannsókn á Gunnari Rúnari:

„First, if all of a multiple’s alters know about and acquiesce in the crime, he should be guilty. Second if the innocent alters make such a limited appearance that punishing them causes only a trivial harm, the multiple should be guilty. Finally, if the multiple is highly organized as some, especially those in treatment are, should be guilty.”

Út frá þessu má svo sannarlega lesa að Gunnar Rúnar uppfyllir öll þessi skilyrði sem leiði til þess að hann ætti að vera dæmdur ábyrgur gjörða sinna!

Að lokum er það algjör vanvirðing við fjölskyldu og aðstandendur Hannesar hvernig staðið var að tilkynningarskyldu varðandi dómsuppkvaðningu nú í morgun. Þar sem dómari sendir eingöngu verjanda okkur tölvupóst klukkan 8:49 í morgun, að dómsuppkvaðning sé klukkan 10. Taka skal fram að verjandi okkar var staddur í dómsal þá, og má með sanni segja að margir ef ekki flestir verjendur séu með það fullskipulagðan dag, að klukkutíma fyrirvari sé með öllu óásættanlegur. Þar að auki brásttilkynningaskyldan algerlega gagnvart aðstandendum og fjölmiðlum þar sem hvergi var birt í dagskrá Héraðsdóms Reykjaness, hvorki í prenti né rafrænt að kvaðning í málinu færi fram í dag. Ofan á það má bæta að samkvæmt öruggum heimildum okkar þá hafi bæði verjandi og ríkissaksóknari haft vitneskju um dómsuppkvaðningu þessa fyrir nokkrum dögum síðan. Það er algjört hneyksli og vanvirðing gagnvart fjölskyldu Hannesar heitins að dómsuppkvaðningin skuli fara fram eins og hluti af lokuðum réttarhöldum þrátt fyrir að þessi hafi verið úrskurðuð opin.

Það er greinilegt að dómstólar Íslands í dag vilja sópa öllu undir borðið og láta sem fæsta fylgjast með því hvað fer fram í þessu ónýta dómskerfi sem við búum við.

Fyrir hönd aðstandenda Hannesar Þórs Helgasonar heitins
Helgi Már Gíslason